

Hefti 3

1. Nemendur teikna líkama og skrá inn heiti líkamshluta í nefnifalli og þolfalli.
2. Kennari nefnir líkamshlut og nemendur benda.
3. Tveir og tveir saman læra þeir orðin með ýmsum verkefnum:
 - a. annar segir hinn bendir
 - b. annar bendir hinn segir
 - c. annar skrifar og sleppir staf, hinn bætir inn staf
4. Nemendur búa sjálfir til próf, hver fyrir annan:
teikna líkamshlut og láta skrifa nafn
skrifa líkamshlut og láta teikna
skrifa líkamshlut og sleppa staf og láta bæta við stafnum.
5. Bingó allur hópurinn: kennari skrifar 15 orð á töfluna, nemendur velja 10 og skrifa á blað, síðan eru öll 15 orðin skrifuð á miða og sett í skál og dregið og lesið upp.
6. Skipt í hópa, einn ritari í hverjum hóp, hver hópur byrjar þegar kennari gefur fyrimæli, börn nefna líkamshlut, ritari skráir, sá hópur vinnur sem skráir flesta hluti.
7. Kennari leikur: sjá, klippa, vera með gleraugu o.s.frv., nemendur keppast um að vera fyrstir að segja orðið.
8. Nemendur eru kennarar til skiptis og endurtaka leikinn.
9. Total Physical Response aðferðin:
 - a. Kennarinn segir og leikur: ég finn til í maga o.s.frv.
 - b. Kennarinn segir og leikur ásamt nemendum.
 - c. Kennarinn segir og nemendur leika.
 - d. Kennarinn segir og einn nemandi (fyrst sá besti í hópnum) leikur.
 - e. Nemandi segir (einn af þeim bestu fyrst) og kennari og nemendur leika.

Söngvar:

Höfuð, herðar, hné og tær.....

Ég á augu, ég á eyru, ég á lítið skrýtið nef.....

og skrá í söngbók

10. Kennari spyr nemendur: Hvernig er heilsan? og skráir fyrir hvern og einn á töfluna.
Þetta er gott að endurtaka t.d. daglega.